

Nr. 19-146 S 087 Fróði II ÁR 38**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 2773
Útgerð: Rammi hf
Smíðaður: Skotlandi 1998, stál
Stærð: 356,2 bt.
Mesta lengd: 27,56 m Skráð lengd: 23,98 m
Breidd: 8,52 m Dýpt: 4,9 m
Vél: Caterpillar 681 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 9



Fróði II©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2019 var Fróði II ÁR 38 á togveiðum með humartroll á Eldeyjarbanka. Veður: NV 8 m/s.

Skipverjar voru að taka trollið og einn þeirra var við bakborðshlerann og verið var að hífa millilóðið upp í blökkina sem er meira yfir í bakborða. Á veltu greip skipverjinn um stálrör sem millilóðið lá utan í og klemmdi hægri hendina milli þess og rörsins á veltunni. Hendin bólgnáði strax mikið upp og var siglt var með slasaða til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var á humarveiðum með tvö troll;
- að millilóðið var upp í blökkinni og lá utan í stálröri en náði að hreyfast eftir veltu skipsins;
- að sögn skipstjóra verður útbúið sæti fyrir millilóðið áður en haldið verður aftur á veiðar með tveimur trollum þannig að svona slys muni ekki endurtaka sig;
- að skipverjinn var búinn að vera skráður í skiprúm í þrjár vikur þegar slysið varð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.